

AUGLÝSING

um staðfestingu á breytingu á aðalskipulagi í Biskupstungnahreppi, er tekur til Laugaráss og Skálholts.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19, 21. maí 1964 hefur ráðuneytið þann 27. ágúst 1993 staðfest breytingu á aðalskipulagi í Biskupstungnahreppi fyrir Laugarás og Skálholt 1988–2008, áður staðfest 27. júní 1990.

Breytingin er fólgin í því að lega Skálholtsvegur verður norðan Skálholtsstaðar en ekki sunnan eins og áður var gert ráð fyrir.

Ennfremur eru í Laugarási gerðar eftirfarandi breytingar: Spilda norðan býlisins Laugaráss breytist úr skógræktarlandi í sumarbústaðasvæði; spilda sunnan Skyrkletttagötu á móts við Skyrkletta breytist úr landi ætlað garðyrkju í land fyrir smáhýsi og lokst er spildu við þjóðveginn, nefnt Laugartorg, breytt úr garðyrkjulandi í verslunarlóð.

Uppdráttur ásamt greinargerð hefur hlotið þá meðferð sem mælt er fyrir um í skipulagslögum nr. 19/1964 og skipulagsstjórn ríkisins afgreitt tillöguna til staðfestingar ráðherra.

Umhverfissráðuneytið, 27. ágúst 1993.

Össur Skarphéðinsson.

Magnús Jóhannesson.

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Sandgerðis 1987–2007.

Samkvæmt ósk bæjarstjórnar Sandgerðis hefur skipulagsstjórn ríkisins þann 28. júlí 1993 staðfest breytingar, sbr. 3. og 4. mgr. 19. gr. skipulagslaga nr. 19/1964, á aðalskipulagi Sandgerðis 1987–2007, er staðfest var 25. nóvember 1991.

Breytingin er fólgin í því að mörk íbúðasvæðis flyst um 55 metra til suðurs við Stafnsveg, sunnan Bárugerðis.

Bæjarstjórn Sandgerðis tekur að sér að bæta það tjón, er einstakir aðilar kunna að verða fyrir við breytinguna.

Umhverfissráðuneytið, 26. ágúst 1993.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Hrafn Hallgrímsson.